

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hagahverfis.

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 25. ágúst 2016 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Hagahverfi vegna Kristjánshaga 2 og Davíðshaga 4.

Breytingin felur m.a. í sér að á lóð nr. 2 við Kristjánshaga eykst nýtingarhlutfall úr 0,79 í 1,10, byggingarreitur stækkar og vegg hæð hækkar. Þrjú lóðarhlutar fyrir bílastæði eru sameinaðir og stækkar heildarflatarmál lóðarinnar um 81,6 m². Lóð Davíðshaga 4 minnkar um 31,2 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 25. ágúst 2016,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 25. ágúst 2016